

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 58. fundar, 6. mars 2025 kl. 14:00-16:20.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagný Lía Davíðsdóttir sat fundinn.
Guðjón Norðfjörð, Frimann Guðmundsson og Sveinn Guðmundsson sátu fundinn undir lið 5.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerð 57. fundar samþykkt.

2. Afgreiðsla umsókna

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn að taka ákvörðun um afgreiðslu tveggja umsókna. Í fyrra málinu var um að ræða umsókn þar sem óskað var eftir undanþágu frá skilyrði um lögheimili í eign vegna tímabundinna aðstæðna. Eftir skoðun á skýringum umsækjanda féllst stjórn á kaup á eigninni.

Í tilviki hinnar umsóknarinnar taldi stjórn ekki skilyrði til að fallast á kaup á eign og skýringar umsækjanda í andmælabréfi breyttu ekki þeirri afstöðu. Ákveðið að senda umsækjanda ákvörðun þar sem umsókn er hafnað.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn að taka ákvörðun um afgreiðslu einnar umsóknar frá lögaðila. Samþykkt að senda umsækjanda ákvörðun þar sem umsókn er hafnað. Andmælaferli í málinu er lokið. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna félagsins.

Á meðal þess sem fram kom er að þrjár umsóknir um kaup hafa borist á þessu ári. Sjö umsóknir eru enn í vinnslu. Umsóknarfrestur rennur út 31. mars nk.

Hollvínasamningar eru orðnir 55 og 18 umsóknir eru í skoðun. Tveimur umsóknum hefur verið hafnað.

Dæmi eru um brot á gistibanni en flestir sýna því skilning. Ákveðið að fela framkvæmdastjóra að áréttu gistibann í eignum. Framkvæmdastjóri upplýsti að félagið væri búíð að ráða pípulagningarmann til starfa í fasteignateyminu í Grindavík. Á fundinum var farið yfir rekstur skrifstofu félagsins í janúar. Farið yfir sundurliðun á sérfræðipjónustu m.t.t. möguleika á hagræðingu.

Einnig var farið yfir kostnað við rekstur og viðhald fasteigna í janúar.

4. Útleiga eigna

Á fundinum var rætt um lagalega stöðu og ýmis álitamál sem varða útleigu á eignum félagsins.

5. Virðismat eigna

Á fundinn komu gestir frá Deloitte sem fóru yfir mögulegar reikningsskilaaðferðir m.t.t. virði á eignasafni félagsins.

Vegna óvissunnar á svæðinu eru nokkur álitamál sem þurfa að koma til skoðunar við val á leiðum við virðismat. Vegna stöðunnar á svæðinu er lagt til að fasteignir verði metnar á gangvirði. Í því mati eru

einkum þrjár leiðir nýttar til mats en lagt var til að stuðst yrði við matsaðferð sem tekur mið af ástandinu í bænum. Hugsanleg nálgun í þeim efnum var rædd.

6. Önnur mál

Áformað er að halda næsta fund 27. mars í Grindavík.
Fleira ekki rætt og fundi slitið um 16:20.

Guðrún Þorleifsd.

Óskur Jónfróey

Anna

Ó. V. Sliu